

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2176/96**frá 13. nóvember 1996****um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 með tilliti til framfara á sviði vísinda og tækni(*)****(Texti sem varðar EES)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnáslumeðferð á sviði flugmála⁽¹⁾, einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3922/91 skal framkvæmdastjórnin gera breytingar, sem nauðsynlegar eru vegna vísinda- og tækni-framfara, á sameiginlegum tæknikröfum og stjórnáslumeðferð, skráðum í II. viðauka við hana. Nú er rétt að gera þessarar breytingar, einkum til að herða öryggiskröfurnar.

JAR 1 - „Definitions“ (skilgreiningar og skammstafanir) hefur verið breytt til að uppfæra tilvísanir í JAA-samkomulagsskjalið og ríkin sem undirrituðu það og til að skýra nánar tilteknar skilgreiningar.

JAR 22 - „Sailplanes and powered sailplanes“ (svifflugur og vélflugur) hefur verið breytt til að leggja áherslu á að kröfurnar gilda ekki um svifdreka eða fis.

JAR 25 - „Large Aeroplanes“ (stórar flugvélar) hefur verið breytt til að fella inn samþykktar breytingar á jafngildum amerískum reglum (FAR 25) og til að herða kröfur sem varða öryggi í farþegarými, hönnun burðarvirkis, rekstrartakmarkanir og kerfishönnun.

JAR APU - „Auxiliary Power Units“ (varaafblúnaður) hefur verið breytt til að bæta inn tilvísunum í ítarefni (AMJ) og auðvelda þannig skilning á og samræmi við kröfurnar.

JAR E - „Engines“ (hreyflar) hefur verið breytt til að herða kröfur er varða högg frá aðskotahlutum eða innsog þeirra og áhrif bilana í þjöppu, hverfilblásara og/eða í öxli.

JAR VLA - „Very Light Aircraft“ (mjög létt loftför) hefur verið breytt til að leggja áherslu á að kröfurnar gilda ekki um fis.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugöryggisreglur⁽²⁾.**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Í stað II. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þess er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. nóvember 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neil KINNOCK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 291, 14. 11. 1996, bls. 15, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/97 frá 24. mars 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjttíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1991, bls. 4.

(2) Fundur í nefndinni um flugöryggisreglur 2. júlí 1996 í Brussel.

VIDAUKI

„II. VIDAUKI

Skrár yfir gildandi reglur um sameiginlegu tækniröfurnar og stjórnsýslumeðferðina sem um getur í 3. gr.1. *Almenn ákvæði og málsmeðferð*

JAR 1 Skilgreiningar og skammstafanir, til og með breytingu 1/92/1

2. *Gerðarvottun á framleiðsluvörum og íhlutum*

JAR 22 „Sailplanes and powered sailplanes“ (svifflugur og vélflugur), til og með breytingu 22/92/1

JAR 25 „Large aeroplanes“ (stórar flugvélar), til og með 14. breytingu

JAR AWO „All weather operations“ (starfræksla við öll veðurskilyrði), til og með breytingu AWO/91/1

JAR E „Engines“ (hreyflar), til og með breytingu E/93/1

JAR P „Propellers“ (skrúfur), til og með 7. breytingu

JAR APU „Auxiliary power units“ (varaafblúnaður), til og með breytingu APU/92/1

JAR TSO „Technical standards orders“ (tæknistaðlafyrirmæli), til og með 2. breytingu

JAR VLA „Very light aircraft“ (mjög létt loftför), til og með breytingu VLA/92/1

JAR 145 „Approved maintenance organisations“ (samþykktar viðhaldsstöðvar)“